



135. fundur Stúdentaráðs

Þriðjudagurinn 5. maí 2026 kl. 17:00

Stofa M203 - Háskólinn á Akureyri

Fundarritari: Guðrún Lára Einarsdóttir, Viðburðastjóri SHA og ritari framkvæmdastjórnar.

Fundarstjóri: Aðalbjörn Jóhannsson, Forseti SHA og formaður stúdentaráðs

Mættir: Aðalbjörn Jóhannsson (Forseti), Rakel Rún Sigurðardóttir (Samskiptafulltrúi), Katla Ósk Káradóttir (Hagsmunafulltrúi), Heiðrún Hafdal (Rekstrarstjóri), Guðrún Lára Einarsdóttir (Viðburðastjóri) og Jóhannes Már Pétursson (Alþjóðafulltrúi) úr framkvæmdastjórn. Emma Rós Ingvarsdóttir (Þemis), Steindór Haukur Sigurðsson (Unit - Varafulltrúi), Rebecca Lísbet Sharam (Stafnbúi), Sara Lind Sigurðardóttir (Reki), Pálmi Ragnarsson (Magister), Jónína Freyja Jónsdóttir (Kumpáni), Andrea Björg Hlynisdóttir (Eir), Svana Rún Austmar Aðalbjörnsdóttir (Umhverfisfulltrúi), Mars Baldursson (Jafnréttisfulltrúi), Aldís Mjöll Hlynisdóttir (Gæðafulltrúi).

Fundur settur kl. 17:00

Dagskrá 135. fundar Stúdentaráðs

1. Fundargerð 134. fundar stúdentaráðs borin upp til samþykktar

Fundargerð 134. fundar stúdentaráðs var samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

2. Skýrsla framkvæmdastjórnar

a. Forseti

Aðalbjörn fjallaði um hvernig landsþing LÍS fór og hvernig það gekk, en það var haldið 10.-11. apríl í Háskólanum á Akureyri.

Fjallaði um aðgengi stúdenta að gömlum lokaprófum og stúdentaráð var upplýst um stöðuna eins og hún er í dag. Impað var á því að ef fulltrúar SHA sem sitja á deilda- og sviðsfundum lenda í erfiðleikum/veseni á þeirra fundum, þá skulu þeir benda áfram á framkvæmdastjórn (senda póst eða heyra í aðila í framkvæmdastjórn).

SHA hélt pallborð fyrir komandi sveitastjórnakosningar þann 21. apríl sem gekk mjög vel. Fengum einnig fulltrúa frá nokkrum framboðum þar sem fram fóru góðar samræður. Eins fór SHA í 6 vísindaferðir til stjórnmalaflokka á Akureyri, sem opnar voru öllum stúdentum HA.

Framkvæmdastjórn hefur verið að vinna í breytingartillögum á verklagsreglum. Verður kynnt betur síðar.

Fengum gefins síma fyrir skrifstofuna frá Símanum.

SHA gerði samning við Hopp, sá samningur var kynntur fyrir stúdentaráði.

b. Samskiptafulltrúi

Stúdentaráð og stjórnir aðildarfélaganna munu fá TEAMS kennslu frá Óskari. Verður haldin þann 29. maí nk. klukkan 9:00 í D-húsi (SHA skrifstofa).

Það eru ennþá ekki allir búnir að skrifa undir trúnaðaryfirlýsingar. Ýtt á eftir þeim sem eiga í hlut þar.

Minnt á að þeir sem sitja deildar- og sviðsfundi (eða aðra álíka fundi) eiga að setja update's af fundunum inn á Fulltrúar Stúdenta TEAMS svæðið okkar. Framkvæmdastjórn vill geta greitt öllum þeim sem sitja þessa fundi en þeir sem setja ekki inn update af fundunum munu ekki fá greitt fyrir fundarsetu.

Flest aðildarfélög eru búnin að skila af sér starfsáætlunum og fjárhagsáætlunum. Minnt þá sem eftir eiga að skila, að fara að huga að því.

Rakel upplýsti okkur um nokkur trúnaðarmál.

c. Rekstrarstjóri

Engar nýjar upplýsingar

d. Hagsmunafulltrúi

Það verður opinn fundur 6. maí kl 10:00-12:00 í M201, varðandi inngildandi háskólanám.

Við hvetjum alla til að mæta. Það er ekki víst að þessu námi verði haldið áfram hér við HA en við viljum hvetja til þess að það verði gert.

Minnst á það að HA fékk grænfánann.

e. Viðburðastjóri

Það er búið að bóka hátíðarsalinn fyrir Sprellmótið og árshátíðina.

Beer Pong mótið verður haldið föstudaginn 8. maí kl 20:00 á Borgum. Það er búið að græja vinninga og kaupa kúlur fyrir leikina. Farið yfir nokkur praktísk atriði.

Fundaði með Viðburðanefnd 23. apríl þar sem ákveðið var langflestar dagsetningar. Hugmyndalistarnir fyrir árshátíðina voru minnkaðir helling og fer viðburðastjóri í það á næstu dögum að senda tölvupósta á artista og veislustjóra.

Engar nýjar upplýsingar varðandi það hvort starfsmannafélag HA vilji vera í samstarfi við okkur og halda t.d. Fjölskyldudag HA í sumar. Fáum vonandi svör við því sem fyrst, annars verðum við því miður að fella það niður.

f. Alþjóðafulltrúi

Jóhannes er í útlöndum sem fulltrúi alþjóðanefndar LÍS á samráðsvettvangi norrænna stúdentafélaga.

Hann sendi könnun á skiptinema um daginn sem kannaði upplifun þeirra í HA á önninni. Úr henni kom að önnin hefur verið þokkalega góð, helsta sem þeim fannst vanta voru fleiri viðburðir.

Hann er ekki búinn að funda með nýrri alþjóðanefnd.

Alþjóðanefnd ætlar að sjá til þess að gerð verið aðgerðaráætlun um samstarf við aðra skóla.

Aðalbjörn (forseti) bætti við að aðildarfélög geti sótt um styrki hjá ERASMUS+ til þess að gera alls konar (t.d. hægt að fara í ferð til annarra skóla/stúdentafélaga).

3. Skýrsla fulltrúa SHA í ráðum og nefndum

a. Gæðafulltrúi

Var fundur um daginn, þar sem SHA fékk hrós fyrir að vera virkt og gott stúdentafélag. Mikil ánægja með okkur.

b. Umhverfisfulltrúi

Var á fundi í gær þar sem talað var um sjálfbærnisráðstefnuna sem haldin var í apríl. Þau voru ánægð með að stúdentar voru að sýna sjálfbærni meiri áhuga. Á fundinum var einnig rætt að HA hafi fengið grænfánann.

c. Jafnréttisfulltrúi

Ræddur var vinnuhópur FÉSTA varðandi húsnæðisumsóknir kynsegin stúdenta.

Jafnréttisráð fékk styrk til að gera rýnihópaviðtöl við stúdentar sem tilheyra minnihlutahópum. Það myndi byrja á næsta skólaári og er hluti af jafnréttisáætlun skólans. Þau munu vera í sambandi við SHA.

4. Skýrsla aðildarfélaga

a. Eir

Fengu boð um að fara suður í næstu viku til að vera með ávarp á fundi íslenskra hjúkrunarfræðinga. Margrét Unnur fer fyrir hönd hjúkrunarfræðinganna við HA og verður með ávörp á fundinum.

Þau eiga eftir að finna út úr því hvenær lotuhittingarnir þeirra verða, þar sem þau eru ekki komin með upplýsingar um það hvenær verknámið hjá þeim verður.

b. Kumpáni

Héldu lokaprófa-studykvöld sem gekk vel. Þau hefðu verið til í að sjá fleiri en voru samt í heildina ánægð með þetta. Þau ætla að halda áfram með studykvöld í haust.

c. Magister

Eru að reyna að koma TikTok aðgangi af stað.

Þau eru búin að reyna að koma af stað aftur góðum samskiptum við Kennó.

d. Reki

Komnar upp hugmyndir varðandi alls konar viðburði. Þeim langar t.d. að halda mini-vísindaferð í september, það verður skoðað betur eftir lokaprófin.

e. Stafnbúi

Búið að fjölga verklegum vikum um margar vikur. Þær voru 2 fyrir áramót og 2 eftir áramót en eru núna 4 fyrir áramót og 5 eftir áramót. Bæði ánægð og ekki með þessar breytingar.

f. Unit

Ætla að bjóða upp á hitting fyrir sitt fólk á Centrum áður en haldið verður á Beer Pong mót SHA.

Eru búin að vera dugleg að kynna námið sitt í skólum.

g. Þemis

Deildarforsetinn er hættur. Ekkert meira að fréttar.

5. Verklagsreglur

Framkvæmdastjórn kom með tillögu að bæta nokkrum verklagsreglum við og taka nokkrar út.

Stúdentaráð hvatt til þess að koma sjálf með breytingartillögur eða “komment” á verklagsreglurnar.

Aðalbjörn mun senda út verklagsreglur til samþykktar, sem fulltrúar í stúdentaráði hafa þá 1 viku til þess að samþykkja, gera tillögubreytingar eða hafna.

Samþykkt var samhljóða að fella niður verklagsreglur um skráningar skiptinema.

Samþykkt var samhljóða að fella niður verklagsreglur um kjörstjórn og framkvæmd kosninga.

6. Starfsáætlun

Starfsáætlanir verða lagðar fram og samþykktar á næsta stúdentaráðsfundi.

FUNDARHLÉ

7. Staða fjármála SHA og vinnsla fjárhagsáætlunar

Framkvæmdastjórn er búin að vera að yfirfara og skoða fjárhagsáætlanir og rekstraryfirlit síðustu ára.

Framkvæmdastjórn fór á fund með rektor þar sem fram kom að SHA mun halda 6% af skrásetningargjöldum stúdenta áfram, þrátt fyrir hækkun á gjaldinu.

Fyrri fjárhagsáætlun var kynnt og hvatt stúdenta til að renna yfir hana ásamt drafti af nýrri.

Bent var fulltrúum aðildarfélaga á að bókhald síðustu ára er þeim opið, þau mega koma til okkar og skoða og spyrja ef einhverjar spurningar eru.

Trúnaðarmál voru rædd.

Bent var fulltrúum aðildarfélaga á að skoða hvort þau séu að borga fyrir einhverjar óþarfa áskriftir.

8. Lögmæti aðalfunda

Framkvæmdastjórn hefur haft lögmæti aðalfunda aðildarfélaga til skoðunar og komið athugasemdum og ábendingum á framfæri við þau aðildarfélög sem við á.

9. Fræðslusjóður - umsókn

Framkvæmdastjórn hefur nú þegar afgreitt eina umsókn þar sem voru 40 stúdentar.

Samþykkt var samhljóða að veita Kötlu Ósk upphæð úr fræðslusjóð SHA.

10. FÉSTA

Aðalfundur FÉSTA verður haldinn 21. maí kl 15:00. Allir stúdentar eiga rétt á því að mæta á þennan fund og framkvæmdastjórn hvetur alla sem geta að sækja fundinn.

Rennt var yfir ársreikninga FÉSTA

11. Samstarfsgrundvöllur stúdentafélaga

NFHB - Framkvæmdastjórn skoðar hvort við getum farið í samstarf við Bifröst, t.d. að halda fjarnemahittinga, eða það að stúdentar hér geti sótt viðburði á vegum NFHB og stúdentar Bifrastar geti sótt viðburði á vegum SHA.

SHÍ - Lánasjóðsfulltrúi opinberra háskóla er starfandi á skrifstofu SHÍ og verkefni næsta árs er að koma á samningum um þjónustu við stúdenta við HA.

SFHR – Minnst á það að framkvæmdastjórn muni ekki samþykkja samstarf/fara í samstarf við SFHR án þess að leggja það undir stúdentafélagið.

SLHÍ - Athuga samstarf með það að sjónarmiði að ef samstarf háskólanna verður meira og virkara að þá sé eðlilegt að stúdentafélögin séu í virkara samtali.

Akureyri - Aðalbjörn ætlar að hafa samband við nýkjörnar stjórnir nemendafélaga framhaldsskólanna á svæðinu til þess að athuga samstarfsgrundvöll.

Alþjóðlegt - Jóhannes er með það verkefni að efla samstarf SHA við önnur stúdentafélög erlendis.

12. Hinseginhátíð Norðurlands

Aðalbjörn sótti um styrk fyrir hönd SHA fyrir Hinseginhátíð Norðurlands. Við fengum 150.000kr. Hátíðin verður haldin 18. Júní nk. Það verður fyrirlestur og workshop, svo vill framkvæmdastjórn m.a. fá leyfi til þess að skreyta D-hús.

13. Heimasíða SHA

Við þurfum að uppfæra heimasíðuna okkar á næstu 2 árum, en við fáum tilboð ef við gerum það núna.

Aðalbjörn lagði það til að framkvæmdastjórn fái heimild til að leggja allt að 500.000 í nýja heimasíðu. Eins að það verði sett upp nefnd sem kemur að hönnun og skoðun heimasíðunnar. Samþykkt samhljóða.

14. Merki SHA

Stúdentahreyfingin og Háskólinn á Akureyri verður 40 ára á næsta skólaári. Í tilefni þess leggur framkvæmdastjórn til að merki SHA verði uppfært með uppfærðan tilgang og starfsemi SHA í huga og með áherslu á grafíska notkun. Tillaga framkvæmdastjórnar er að við förum í vinnu varðandi það strax þannig að við getum byrjar næsta ár með gott og betra merki SHA.

Samþykkt samhljóða að veita framkvæmdastjórn heimild til þess að verja allt að 500.000kr í hönnun nýs merkis og framleiðslu markaðsefnis.

15. Landsþing LÍS

Aðalbjörn fjallaði um hvernig gekk á Landsþingi LÍS. Mikil ánægja með SHA sem gestgjafa og LÍS vildi að forseti kæmi þakklæti til stúdenta HA fyrir góðar móttökur.

16. Rekstur fasteigna

Minnt alla á að nota beiðnakerfið til þess að bóka stofur. Einnig er hægt að heyra í Jónu eða Leó varðandi það.

17. Dagsetning á myndatöku

Stefnum á að myndataka SHA verði 4. ágúst.

18. Önnur mál

Katla bað um leyfi stúdentaráðs til þess að stofna ráð/nefnd/starfshóp sem verður vettvangur þar sem þau sem hafa áhuga fá platform til þess að vinna að mannréttinda- og baráttumálum. Allir nemendur í SHA getur tekið þátt. Amnesty langar að vera í samstarfi við okkur, t.d. að halda fræðslu. Samþykkt samhljóða.

Samskiptastjóri HA, Silja Jóhannesar, og Verkefnastjóri námssamfélags, Silja Rún, komu inn á fundinn, kynntu sig og störf sín innan háskólans. Þeim langar að halda áfram góðu samstarfi við okkur í SHA. Silja Rún er tengiliður SHA við HA.

Þær komu inn á það að aðildarfélög ráða alfarið yfir sínum miðlum, það er ekki skylda að aðildarfélögin deili eventum/story'um o.þ.h. þrátt fyrir að þær tagga okkur í það.

Þær eru alltaf opnar fyrir því að við heyrum í þeim til að fá aðstoð. Þær eru að búa til handbók stúdenta.

Í fyrra var byrjað að gera "Takeover" á samfélagsmiðlum, sen er fjáröflunarleið fyrir aðildarfélögin. Þær vilja endilega að aðildarfélögin haldi þessu áfram, en það eru 3. vikur eftir af umsóknarfrestinum (lokar 5. júní). Ef okkur dettur einhver aðili í hug sem væri til í þetta, endilega láta þær vita.

Kynningarnefnd - þeim langar að hitta fulltrúa í kynningarnefnd í haust og munu þær þá boða þá á fund.

Rætt var alls konar mál, t.d. aðgengi stúdenta að eldri lokaprófum í áföngum. Silja er til í að setja inn frétt eða eitthvað álíka á Uglu til starfsfólks og stúdenta, við látum hana vita ef við viljum það.

Fundi slitið: 19:41